



Aðalfundur Landsbankans

Skýrsla bankaráðs 22. mars 2017

Aðalfundur Landsbankans 22. mars 2017

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs.

Skýrsla stjórnar

Árið 2016 var svo sannarlega viðburðaríkt. Þetta var ár alþingis- og forsetakosninga, mikilvægra skrefa í afnámi hafta og mikilla efnahagsframfara í landinu. Og landsliðið okkar í knattspyrnu komst í 8-liða úrslit á EM í Frakklandi.

Allt hefur þetta áhrif á ytra umhverfi fjármálafyrirtækja þótt á ólíkan hátt sé, enda er óhætt að segja að árið hafi einnig verið viðburðaríkt fyrir Landsbankann.

Mig langar að fara yfir það sem hæst bar hér í dag. Ég byrja á að fjalla um reksturinn en Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, mun fara nánar yfir hann á eftir. Síðan mun ég ræða málefni sem tengjast hluthöfum með beinum hætti, s.s. endurkaup hlutabréfa, nýja arðgreiðslustefnu sem bankaráð hefur samþykkt og arðgreiðslur bankans til hluthafa. Ég mun ennfremur ræða störf bankaráðs á árinu, áherslur og helstu verkefni. Að lokum mun ég líta til framtíðar.

Rekstur Landsbankans árið 2016

Rekstur Landsbankans gekk vel á árinu 2016. Aðstæður í efnahagslífinu voru hagstæðar, hagvöxtur mældist hvorki meira né minna en 7,2% og viðskiptavinum bankans vegnaði flestum vel. Þá kynntu stjórnvöld og Seðlabanki Íslands nýverið stór skref í átt að afnámi fjármagnshafta sem endurspeglar góða stöðu landsins um þessar mundir. Breytingar sem gerðar voru á lögum um gjaldeyrismál þýða í stuttu máli að fjármagnshöft á heimili og fyrirtæki eru afnumin og fjárfestingar lífeyrissjóða verða ekki lengur háðar takmörkunum. Það er afar jákvætt að nú, átta og hálfu ári eftir hrun, skuli hafa tekist af afnema að mestu hömlur á fjármagnsflæði.

Fjárhagur Landsbankans er sem fyrr traustur. Eigið fé bankans í árslok 2016 var 251,2 milljarðar króna og eiginfjárhlutfallið var 30,2%. Tekjur bankans héldu áfram að vaxa og reksturinn batnaði. Hreinar vaxtatekjur jukust um 7% og hreinar þjónustutekjur um 14%. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 2% en annar rekstrarkostnaður lækkaði um 5% þannig að heildarrekstrarkostnaður bankans lækkaði um 1%.

Dómar Hæstaréttar í fjórum gengislánamálum settu töluverðan svip á afkomu bankans á árinu 2016. Vegna þeirra gjaldfærði bankinn 5,4 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi. Afkoman var engu að síður viðunandi en Landsbankinn hagnaðist um 16,6 milljarða króna eftir skatta á árinu. Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 6,6%, sem er undir 10% arðsemismarkmiði bankans og lakari niðurstaða en árið 2015, þegar arðsemin var 14,8%. Skýringin á minni hagnaði er fyrst og fremst virðisrýmun útlána, einkum vegna hæstaréttardómanna sem fyrr voru nefndir, og vegna óhagstæðrar þróunar á mörkuðum. Sú breyting sem varð á virðismati útlána árið 2016, að virðisbreytingar útlána voru neikvæðar en ekki jákvæðar, er mikill viðsnúningur frá fyrri árum. Á árunum 2014 og 2015 skiluðu virðisbreytingar útlána verulegum tekjum, eða alls um 38,3 milljörðum króna fyrir skatta. Skýringin á jákvæðum virðisbreytingum útlána er fyrst og fremst sú að fyrirtækjum sem höfðu tekið lán hjá gamla bankanum hefur gengið betur en reiknað var með að greiða af lánum sem nýi bankinn tók yfir haustið 2008, enda hefur efnahagslíf landsins náð sér mun hraðar og betur en gert var ráð fyrir á þessum tíma. Eins og ítrekað hefur verið bent á af hálfu Landsbankans verður minna um jákvæðar virðisbreytingar útlána eftir því sem lengra líður frá efnahagshruninu 2008.

Frá ársbyrjun 2015 hefur starfsfólk bankans unnið ötullega að innleiðingu á metnaðarfullri viðskiptastefnu til ársins 2020. Hluti af því ferli hefur verið að rýna í kostnað við rekstur bankans og hefur sú vinna nú þegar skilað góðum árangri. Kostnaðarhlutfall bankans árið 2016 var 48,4%.

Gæði útlánasafns bankans héldu áfram að batna á árinu 2016. Sú þróun endurspeglar aukna hagsæld og almennt góðar aðstæður í efnahagslífinu. Það er sérstaklega ánægjulegt að nefna að í lok ársins 2016 var vanskilahlutfall lægra en nokkru sinni frá stofnun bankans, eða 1,5%.

Í október 2016 hækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfiseinkunn Landsbankans í BBB/A-2 með jákvæðum horfum. Batnandi kjör og góðar viðtökur á erlendum mörkuðum gerðu bankanum kleift að greiða niður skuld bankans við LBI um 61 milljarð króna á síðasta ári. Eftir stendur skuld upp á um 50 milljarða króna og stefnir bankinn að því að greiða hana að fullu á þessu ári.

Fyrir rúmlega tveimur vikum gaf bankinn út skuldabréf í evrum að fjárhæð 300 milljónir sem samsvarar um 35 milljörðum í íslenskum krónum. Bréfin voru seld til breiðs hóps fjárfesta í Bretlandi, á meginlandi Evrópu, Norðurlöndunum og í Asíu. Kjörin voru hagstæðari en íslenskir bankar hafa fengið á alþjóðlegum markaði á undanförunum árum. Þessi útgáfa var enn ein staðfestingin á sterkri stöðu bankans.

Hluthafar

Hluthafar Landsbankans voru 1.835 í árslok 2015 en þeim hafði fækkað í 1.003 í lok síðasta árs. Í september tilkynnti bankaráð Landsbankans um endurkaupaáætlun hlutabréfa í samræmi við heimild síðasta aðalfundar. Á þremur endurkaupatímabilum hefur bankinn keypt rúmlega 142 milljónir eigin hluta, eða sem nemur 0,6% af útgefnum hlutum í félaginu, og nemur kaupverð þeirra tæpum einum og hálfum milljarði króna.

Á fundi bankaráðs 7. mars sl. var samþykkt ný og metnaðarfull arðgreiðslustefna fyrir bankann. Ég leyfi mér að lesa hana upp orðrétt:

„Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði 60-80% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við fjármögnunarstefnu bankans er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.

Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn uppfylli lögbundnar kröfur á hverjum tíma og viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu.“

Frá árinu 2013 hefur bankinn greitt meirihluta hagnaðar fyrra árs til hluthafa en jafnframt gætt að því að viðhalda sterkri lausa- og eiginfjárstöðu. Landsbankinn greiddi hluthöfum sínum 28,5 milljarða króna í arð á árinu 2016 vegna ársins 2015. Á árunum 2013-2016 greiddi bankinn hluthöfum sínum alls um 82 milljarða króna í arð og þar af runnu rúmlega 98% til ríkissjóðs. Á þessum aðalfundi Landsbankans leggur bankaráð til að bankinn greiði strax 13 milljarða króna í arð vegna afkomu síðasta árs. Ennfremur er gerð tillaga um sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð tæplega 12 milljarðar sem komi til greiðslu í september næstkomandi. Verði arðgreiðslutillagan samþykkt munu arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2017 samtals nema um 107 milljörðum króna.

Um síðastliðin áramót nam hreinn fjármagnskostnaður ríkisins vegna framlags við stofnun bankans haustið 2008 alls um 112 milljörðum króna. Á þessu ári hefur ríkið, sem stærsti eigandi bankans, fengið það framlag til baka að stærstum hluta í formi arðgreiðslna. Þar að auki á ríkið nánast allt hlutafé í bankanum en eins og fyrr var nefnt nam eigið fé bankans um sl. áramót um 251 milljarði króna. Háar arðgreiðslur bankans hafa margþætt og góð áhrif. Með frekari arðgreiðslum mun bankinn á næstu árum geta náð fram enn hagkvæmari skipan fjármagns. Þess má einnig geta að Landsbankinn hefur greitt háar fjárhæðir til samfélagsins í formi skatta, eða alls 55,9 milljarða króna, frá árinu 2008.

Störf bankaráðs á árinu

Bankaráðið tók nokkrum breytingum á aðalfundi bankans í apríl á síðasta ári. Ég varð fyrsta konan til að stýra bankaráði Landsbankans þegar Tryggvi Pálsson lét af störfum sem formaður bankaráðs og hætti setu í bankaráði. Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Kristján Davíðsson, Jóhann Hjartarson og Jón Sigurðsson hættu þá einnig í bankaráði. Ég þakka þeim árangursríkt samstarf og afar góð kynni. Sæti í bankaráði tóku Magnús Pétursson varaformaður, Berglind Svavarsdóttir, Einar Þór Bjarnason, Hersir Sigurgeirsson og Jón Guðmann Pétursson.

Á fundi bankaráðs 9. febrúar síðastliðinn, tilkynnti Danielle Pamela Neben að hún segði af sér sem bankaráðsmaður en hún hvarf til starfa á nýjum vettvangi. Danielle var fyrst kjörin í bankaráð í apríl 2013 og ég vil fyrir hönd Landsbankans þakka henni fyrir ánægjulegt samstarf og öflugt starf í þágu bankans á undanförunum árum.

Frá framhaldsaðalfundi Landsbankans í apríl sl. fundaði bankaráð 25 sinnum og undirnefndir bankaráðs funduðu alls 33 sinnum.

Í lok nóvember á síðasta ári lét Steinþór Pálsson af starfi bankastjóra eftir sex og hálf ár. Mörg brýn og krefjandi úrlausnarefni voru til lykta leidd undir hans forystu og staða bankans styrktist mikið. Margt hefur áunnist við að endurreisa fjárhag heimila og fyrirtækja og markaðshlutdeild bankans hefur vaxið umtalsvert á undanförunum árum. Ég vil fyrir hönd bankans og bankaráðs þakka Steinþóri gott samstarf og árangursríkt starf í þágu bankans og óska honum velfarnaðar í framtíðinni.

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri Fjármála og staðgengill bankastjóra, tók við keflinu af Steinþóri og gegndi stöðu bankastjóra af öryggi og festu þar til í síðustu viku. Bankaráð þakkar Hreiðari vel unnin störf og gott samstarf á meðan hann gegndi starfi bankastjóra tímabundið og væntir að sjálfsögðu áfram mikils af honum sem framkvæmdastjóra Fjármála.

Bankaráð auglýsti stöðu bankastjóra 10. desember sl. og sóttu 43 einstaklingar um starfið. Eftir faglegt ráðningarferli, þar sem bankaráð naut liðsinnis ráðgjafarfyrirtækisins Capacent, var Lilja Björk Einarsdóttir ráðin bankastjóri Landsbankans. Lilja er fjármálaverkfræðingur að mennt og hefur mikla reynslu og þekkingu af fjármálamarkaði. Hún starfaði meðal annars áður hjá ráðgjafarfyrirtækinu Marsh & McLennan í Bandaríkjunum og fyrir Landsbanka Íslands í London. Eftir bankahrunið 2008 vann Lilja fyrir gamla Landsbanka Íslands, LBI, við endurheimt eigna og við að vinda ofan af starfsemi í London. Hún lauk því starfi með sóma í nóvember á síðasta ári. Bankaráðið treystir henni til að stýra öflugum hópi starfsfólks Landsbankans til góðra verka til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, hluthafum og samfélagið allt. Lilja hóf störf 15. mars og vil ég nota tækifærið og bjóða hana enn og aftur hjartanlega velkomna til starfa.

Sala á hlut Landsbankans í Borgun hf.

Árið 2016 litaðist töluvert af umræðu um sölu á hlut bankans í Borgun hf. Landsbankinn hefur birt opinberlega þær upplýsingar sem að honum snúa. Bankasýsla ríkisins, Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun hafa fjallað um málið og sagt sitt álit á sölunni.

Á bankaráði, stjórnendum og starfsfólki Landsbankans hvílir mikil ábyrgð, enda förum við með eina mikilvægustu eign ríkisins, og þar með þjóðarinnar.

Við tökum gagnrýni og ábendingum háalvarlega. Það er okkar markmið að læra af reynslunni og gera ávallt betur.

Við höfum sagt að betra hefði verið að selja hlut bankans í Borgun í opnu sölufarli. Við höfum einnig sagt að bankinn telji sig hafa farið á mis við verðmæti í viðskiptunum. Við höfum einsett okkur að endurheimta það traust sem kann að hafa glatast. Það höfum við meðal annars gert með því að rýna í verklag og ferla og gera breytingar á stefnu og starfsháttum okkar. Við höfum samþykkt nýja stefnu um sölu eigna og stefnu vegna orðsporsáhatu. Því er nú svo fyrirkommið að regluvarsla og innri endurskoðun bankans hafa eftirlit með framkvæmd nýrra reglna. Á þessar reglur hefur reynt frá því að þær voru kynntar sl. vor en bankinn hefur nú birt skýrslu um eignasölur á síðasta ári og er hún aðgengileg á vef bankans.

Í ljósi framangreinds og að undangenginni ítarlegri skoðun, ákvað bankaráð í lok ársins að höfða mál gegn Borgun og kaupendum á hlut bankans. Málið bíður nú þess að verða dómtekið.

Unnið eftir skýrri stefnu til 2020

Grundvallaratriði í stefnu bankans til ársins 2020 er að hann verði til fyrirmyndar og sé traustur samherji í fjármálum. Á árinu 2016 var unnið af krafti að innleiðingu stefnunnar og árangurinn var góður. Á árinu jókst markaðshlutdeild bankans, hvort sem litið er til þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki eða fagfjárfesta. Markaðshlutdeildin á einstaklingsmarkaði á síðasta ári mældist 37,1% og hefur aldrei verið hærrí. Bankinn hélt sterkri stöðu sinni á mörkuðum í harðri samkeppni og jók hlutdeild sína á fyrirtækjamarkaði.

Landsbankinn leggur mikla áherslu á stafræna tækni og á árinu voru margvíslegar nýjungar innleiddar í netbönkum Landsbankans. Einnig var lagður grunnur að nýrri stefnu í stafrænni tækni sem unnið verður eftir til ársins 2020. Enn meiri áhersla er nú lögð á sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost í bankaviðskiptum.

Viðskiptavinir bankans vilja hafa aðgang að netbönkum hvar og hvenær sem er og þeir vilja líka geta nýtt sér sem flesta þjónustuþætti bankans með rafrænum hætti. Þær breytingar sem nú eru að verða á bankþjónustu vegna stafrænnar tækni leiða til þess að hlutverk útibúa bankans breytist. Þær breytingar sem Landsbankinn er nú að gera á útibúum sínum snúa einkum að því að bæta aðgengi að sjálfsafgreiðslu og aðstoða viðskiptavinum við að nýta sér sjálfsafgreiðslulausnir. Um leið leggur bankinn aukna áherslu á vandaða og trausta fjármálaráðgjöf.

Stærsta verkefni Landsbankans á sviði upplýsingatækni á síðustu árum er innleiðing á nýju innlána- og greiðslukerfi, Sopra, í samstarfi við Reiknistofu bankanna. Kerfið mun leysa mörg önnur, og í sumum tilvikum afar gömul kjarnakerfi, af hólmi. Nýjar kerfislausnir eru nauðsynlegar til að bankinn geti einfaldað og nútímavætt tækniumhverfi sitt enn frekar. Bankinn vinnur að mörgum öðrum verkefnum sem snúa að skilvirkni, hagræðingu og betri þjónustu við viðskiptavini. Ýmsum verkefnum var lokið á árinu og öðrum ýtt úr vör.

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi bankans og áhersla er lögð á að hún sé samþætt stefnumótun bankans í heild. Á árinu 2016 lagði bankinn sérstaka áherslu á að innleiða stefnu í ábyrgum fjármálum til að gera bankanum kleift að samþætta samfélagsábyrgð og ákvarðanir um fjárfestingar. Það er mat bankans að samþætting umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna við mat á fjárfestingarkostum leiði til betri ákvarðana, hafi jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dragi úr rekstraráhættu.

Landsbankinn gefur árlega út ítarlega skýrslu um samfélagsábyrgð í starfsemi bankans. Skýrsla fyrir árið 2016 kom út fyrir í dag í aðgengilegri vefútgáfu.

Landsbankinn vill vera í fremstu röð í jafnréttismálum. Hjá bankanum eiga allir að hafa sömu tækifæri til starfa og starfsframa og fá greidd sömu laun fyrir sambærileg störf. Í árslok 2016 hlaut bankinn gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn en hann var fyrstur banka á Íslandi til þess að hljóta gullmerkið árið 2015. Þessi viðurkenning er í senn ánægjuleg og mikilvæg staðfesting á góðri stöðu jafnréttismála í bankanum.

Góðir stjórnarhættir eru bankanum sömuleiðis mikilvægir. Landsbankinn hlaut viðurkenningu Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í desember 2014. Viðurkenning var endurnýjuð á árinu 2016 og einmitt í gær var viðurkenningin enn endurnýjuð fyrir árið 2017.

Framtíðin

Bankaráð lítur svo á að kafla endurskipulagningar í kjölfar fjármálahrunsins sé að mestu lokið og horfir björtum augum til framtíðar. Landsbankinn stendur vel og tækifærin eru mörg. Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi bankans og enn meiri breytingar eru í farvatninu.

Töluverðar breytingar hafa til að mynda orðið á regluverki um starfsemi fjármálafyrirtækja. Sífelld eru gerðar ríkari kröfur til fyrirtækjanna, eftirlit eykst og ríkari skylda hvílir á þeim að veita upplýsingar um starfsemina. Strangar kröfur um eigið fé valda því að íslenskir bankar eiga afar mikið eigið fé í samanburði við banka í löndum sem við berum okkar saman við. Þá eru bankarnir skattlagðir sérstaklega sem skekkir samkeppni á milli fjármálafyrirtækja og gerir fjármögnun þeirra dýrari. Þessi skattlagning bitnar óhjákvæmilega á kjörum til neytenda. Á sama tíma á Landsbankinn í harðnandi samkeppni við fleiri aðila innanlands og utan sem ekki lúta samskonar rekstrarskilyrðum.

Þá er augljóst að ör tækniþróun og auknar kröfur viðskiptavina um fjölbreytta þjónustu er að umbreyta starfsumhverfi banka jafnvel enn hraðar en margir hafa reiknað með. Við þessu munum við bregðast af auknum krafti á komandi misserum.

Húsnæðismál

Frá árinu 2010 hefur Landsbankinn skoðað mögulega kosti fyrir nýtt húsnæði bankans. Brýn þörf er á að búa starfseminni umgjörð sem stenst kröfur til framtíðar þegar kemur að skipulagi, ráðdeild í rekstri og nútíma starfsháttum.

Það hefur legið fyrir að núverandi húsakostur er bæði óhagkvæmur og óhentugur. Í dag fer starfsemi bankans fram í 13 húsum í Kvosinni og aðeins fjögur þeirra eru í eigu bankans. Til viðbótar er bankinn með starfsemi að Álfabakka og í Borgartúni og með geymslur og stoðþjónustu á þremur stöðum í borginni.

Nú er talið að húsnæðisþörf fyrir sameinaða starfsemi sé mun minna rými en bankinn hefur til umráða í dag. Það er því ljóst að hagkvæmara húsnæði mun spara bankanum hundruð milljóna ár hvert. Frekari tafir á úrlausn málsins eru því dýrkeyptar. Þetta er orðin verulega rekstraáhætta fyrir bankann og stendur honum fyrir þrífum í að tileinka sér nútímaleg vinnubrögð.

Bankaráðið mun á vormánuðum taka ákvörðun um framtíðarhúsnæði bankans.

Lokaorð

Landsbankinn er stærsti banki landsins, hvort sem litið er til fjölda viðskiptavina eða efnahagsreiknings. Hann gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslífi þjóðarinnar og vegna stærðar, eignarhalds og sögu bankans skipar hann sérstakan sess í hugum landsmanna. Stefna bankans er að vera til fyrirmyndar og að viðskiptavinir hans geti með sanni sagt: *Svona á banki að vera.*

Fyrir hönd bankaráðsins þakka ég Bankasýslu ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun og Seðlabanka Íslands góð samskipti á árinu.

Viðskiptavinum Landsbankans þakka ég viðskiptin og tryggðina við bankann.

Ég þakka starfsmönnum fyrir ötult og gott starf á undanförunum árum. Starfsfólk Landsbankans hefur sýnt það hvað eftir annað að hér fer samhentur og öflugur hópur fólks sem er tilbúinn að leggja mikið á sig fyrir bankann og um leið fyrir viðskiptavinum hans.